

Fundargerð háskólaráðs 7. mars 2019

Meistarastofa kl. 14.00

DRÖG

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Einar Svansson fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Guðrún Björk Friðriksdóttir fulltrúi starfsmanna, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu (Skype), Daníel Alexander fulltrúi grunnema (Skype), Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnema og Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnema.

Áheyrnarfulltrúar: Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Fjarverandi: Birgitta Dögg Bender Prastardóttir fulltrúi nema í Háskólagátt og Brynjar Elefsen Ólafsson fulltrúi meistaraneoma.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt.

2. Fjármál

Fjármálastjóri fer yfir niðurstöðu rekstrar ársins 2018, niðurstaðan verður rúmar 4,6 millj. kr. í hagnað. Ásættanleg niðurstaða miðað við að vera enn með kostnað vegna hótelsins inni reikningum skólans. Hann kynnir einnig rekstraryfirlit fyrir árið 2018 skipt eftir fagsviðum.

3. Áform eiganda Hótelis Bifrastar

Fjármálastjóri kynnir áform frá eigendum hótelsins, tillaga að breyttu skipulagi á svæðinu þar sem áhugi er á að kaupa Samkaupshúsið og tengja það við Hamragarða með byggingu yfir akstursleið að Görðunum. Því er komin tillaga að nýju skipulagi á svæðinu m.v. að skólinn fái skemmu í stað Samkaupshússins, sem hóteleigendur muni reisa. Stjórn skólans hefur gefið heimild fyrir því að þessi tillaga fari til skoðunar hjá skipulagsyfirköldum hjá Borgarbyggð.

4. Gæðamál

Rektor segir frá því að sjálfsmatsskýrsla félagsvísinda- og lagadeildar er við það að klárast. Hún er í yfirllestri og verður lögð fyrir deildarfund 18. mars nk. til afgreiðslu. Undirbúningur stofnanaskýrslu er í góðum gangi, gagnaöflun í gangi. Enn vantar fulltrúa frá meistaraneomum í vinnuhóp um stofnanaskýrsluna.

5. Undirbúningur aðalfundar

Aðalfundur skólans árið 2019 verður 9. maí kl. 14.00. Rektor kynnir fulltrúaráðslista vegna aðalfundar, hvert ár endurnýjast 1/3 af fulltrúalistanum. Sigrún Lilja er tilbúin að vera áfram fulltrúi háskólaráðs. Bjarni Heiðar Halldórsson er valinn varamaður háskólaráðs. Kalla þarf eftir nýjum tilnefningum frá Hollvinasamtökum og SA í stjórn skólans.

6. Samstarfið við Hjallastefnuna og Kaospilot

Rektor kynnir málaleitan frá Hjallastefnunni um möguleika á samstarfi við skólann um menntun kennara þar sem væri ný nálgun gagnvart kennaramenntun. Sett var saman greingargerð um málið sem var kynnt fyrir ráðherra, sem tók þessu vel. Hefur gengið hægt, en rektor hitti ráðherra nýlega og hún er að skoða málið með opnum hug. Mögulega er um að ræða um 200 nemenda einingu innan skólans, það þyrfti því viðbótarfjármagn og spurning er um að gera langtímasamkomulag við ríkið um þetta. Til að þetta sé hægt þá þarf sérstaka viðurkenningu frá ráðuneytinu um að skólanum sé heimilt að hefja slíka kennslu. Nú er verið að vinna að minnisblaði í ráðuneytinu um málið varðandi umfang og kostnað. Hugsanlegt að þetta nám gæti hafist haustið 2020.

Kaospilot hefur áhuga á að stofna menntastofnun á Spáni undir akademískri forsjá Háskólans á Bifröst, það væri sjálfstæð eining sem Kaospilot myndi reka á daglegum grunni. Kaospilot geta ekki útskrifað nemendur á háskólastigi skv. danska kerfinu þar sem Kaospilot starfar.

Kaospilot hefur áhuga á samstarfi um doktorsnema, en Háskólinn á Bifröst er ekki með heimild til að taka doktorsnema. Verið er að skoða þann möguleika nánar, ferli sem gæti hafist haustið 2020 og gæti komist í gagnið haustið 2021.

7. Erlendir greiðandi nemendur

Rektor segir frá að nokkrir nemendur komu haustið 2018 og þó nokkur hópur ætlaði að koma á vorönn 2019, en vegna ýmissa hindrana komu þeir ekki til landsins. Rektor o.fl. hafa verið í sambandi við Útlendingastofnun vegna þessa hóps og reynt að greiða úr málum, m.a. vegna gjaldeyrisviðskipta. Nokkrir nemendur byrjuðu í fjarnámi, en það gekk ekki mjög vel m.a. vegna fjarskiptavandamála. Þau eru ekki í námskeiðum í lotu 2. Verið er að skoða mögulegar lausnir á þessari stöðu.

8. Starfsmannabreytingar

Rektor segir frá því að búið er að ráða Dagnýju Kristinsdóttur sem nýjan framkvæmdastjóra kennslu og þjónustu, hún kemur að fullu til starfa 1. júní. Hún verður í hlutastarfi í apríl og maí. Sigrúnu eru þökkuð vel unnin störf undanfarin ár. Páll Rafnar Þorsteinsson er hættur hjá skólanum. Verið er að undirbúa auglýsingu akademískt starf í félagsvísinda- og lagadeild og síðan verður líka auglýst starf í viðskiptadeild.

9. Markaðsstarf framundan

Rektor segir frá að gengið hafi ágætlega hjá skólanum á háskóladeginum sem var 2. mars sl. Nú er í gangi hringferð um landið þar sem háskólarnir eru með kynningar. Markaðsherferðin verður með svipuðu sniði og áður. Áhersla verður á samfélagsmiðla eins og verið hefur undanfarin ár.

10. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 15.20

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir